

Þróun á kerfi sjávarborðsmælinga

G. Orri Gröndal, Vegagerðin

Samfelldar langtíma mælingar á sjávarhæð veita mikilvægar upplýsingar um hægfara afstöðubreytingar lands og sjávar. Þessar tímaraðir innihalda einnig upplýsingar um aftaka sjávarflóð. Um 15 sjálfvirkir fastir sjávarborðsmælur eru starfræktir í höfnum umhverfis landið. Hafnirnar á hverjum stað kosta rekstur mælistöðvanna í þeim megin tilgangi að veita sjófarendum upplýsingar um aðstæður í höfninni í rauntíma. Engar samræmdar aðferðir eða leiðbeiningar eru til um það hvernig standa beri að rekstri mælistöðvanna. Vegagerðin safnar gögnum frá mælistöðvunum í gagnagrunn. Verkefnið gengur út á að skilgreina samræmdar aðferðir við rekstur sjávarborðsmælistöðva til þess að tryggja gæði mælinganna. Ennfremur eru tillögur um frekari uppbyggingu á mælakerfinu í þeim tilgangi að afla áreiðanlegra upplýsinga um sjávarhæðir umhverfis landið. Ætlunin er að Vegagerðin kynni eigendum og rekstraraðilum mælistöðvanna niðurstöður verkefnisins og verði í forystu varðandi upptöku samræmdra vinnubragða.

Verkefnið er vel á veg komið og er gert ráð fyrir að skýrsla með tillögum og leiðbeiningum verði tilbúin fyrir lok þessa árs.